

Fréttatilkynning frá FIFA um ákvarðanir 123. ársfundar Alþjóðanefndar Knattspyrnusambanda (IFAB), sem haldinn var í N-Írlandi í febrúar 2009

(býtt og endursagt af Gylfa Þór Orrasyni, 12. mars 2009)

- Um rangstöðu. Orðalagi í “*Túlkun knattspyrnulaganna og leiðbeiningar til dómara*” hefur verið breytt og bætt þar við skilgreiningu á aðstæðum þar sem varnarmaður yfirgefur leikvöllinn og gerir þannig sóknarmann rangstæðan. Hin nýja skilgreining hljóðar þannig (bls. 53): “*Sérhver varnarmaður, sem yfirgefur leikvöllinn án heimildar dómara, af sérhverri ástæðu, skal talinn vera staðsettur á eigin marklínu eða hliðarlínu hvað varðar mat á rangstöðu allt þar til knötturinn fer næst úr leik*”.
- Um boðvang. Til þess að forðast óþarfa árekstra á milli fjórða dómara og þjálfara, eða annarra forráðamanna á boðvangi, var Alþjóðanefndin sammála um að heimila einum aðila að dvelja innan boðvangsins, eftir af hafa komið leikrænum leiðbeiningum á framfæri, án þess að þurfa að því loknu að snúa aftur á sinn stað á varamannabekknunum, að því gefnu að hann komi fram á ábyrgan hátt.
- Um vítaspyrnukeppni: Framkvæmdin hefur verið skilgreind nánar hvað varðar þá leikmenn sem taka þátt í vítaspyrnukeppni þar sem annað liðið hefur lokið leik með fleiri leikmönnum en mótherjarnir. Um slík tilfelli segir nú í Knattspyrnulögunum að fækkað skuli í viðkomandi liði til jafns við mótherjana. Til þess að skilgreina þetta nánar hefur eftirfarandi setningu nú verið bætt við (bls. 28): “*Sérhver leikmaður, sem þannig hefur verið undanskilinn frá þátttöku, má ekki taka þátt í vítaspyrnukeppninni*”.
- Um viðbótar aðstoðardómara: Eftir að hafa kynnt sér skýrslu um tilraunir með viðbótar aðstoðardómara í undanriðlum Evrópukeppni U-19 í október og nóvember 2008, hefur Alþjóðanefndin nú ákveðið að heimila áframhaldandi tilraunir á vegum FIFA með viðbótar aðstoðardómara, en að þessu sinni í deild atvinnumanna.
- Um önnur atriði:
 - FIFA dróg til baka tillögu sína um að lengja hámarkstíma leikhlés.
 - Alþjóðanefndin var sammála um að viðkomandi nefndir FIFA þurfi að ræða frekar tillögu um að heimila fleiri leikmannaskipti þegar leikir eru framlengdir.
 - Alþjóðanefndin fól fagundirnefnd sinni að ræða þann framgangsmáta sem viðhafa skal þegar leikmenn yfirgefa leikvöllinn eftir meðhöndlun meiðsla.
 - Alþjóðanefndin var sammála um að ekki skuli eyða frekari tíma í hugmyndina um “Syndakistur” (Sin Bins).
 - Gerð hefur verið breyting á 1. grein laganna til þess að endurspeglar breytinguna á skilgreiningu FIFA á alþjóðlegum staðli um yfirborð leikvalla (*FIFA Quality Concept for Football Turf*).

Um Alþjóðanefndina: Alþjóðanefndin var sett á fót árið 1886 og er samansett af Enska, Skoska, Welska og N-Írnska knattspyrnusambandinu og FIFA, og hefur haft það hlutverk í gegnum tíðina að vera verndari Knattspyrnulaganna. Bresku knattspyrnusamböndin fara hvert um sig með eitt atkvæði innan nefndarinnar, en FIFA, sem fulltrúi allra hinna 204 aðildarsambandanna, fer þar með fjögur atkvæði. Til þess að tillaga hljóti brautargengi innan nefndarinnar þarf hún að fá þar þrjá-fjórðu hluta atkvæða. Breytingar þær sem nefndin tekur ákvarðanir um á árlegum fundum sínum taka gildi um heim allan 1. júlí ár hvert (en á Íslandi jafnan við upphaf nýs Íslandsmóts í maímánuði).

Breytingarnar skila sér þannig inn í texta *Knattspyrnulaganna* og texta *Túlkunar knattspyrnulaganna og leiðbeininga til dómara*:

| | |
|---|---|
| <p><u>1. grein - texti fyrir breytingu (bls. 5):</u></p> <p>Leikir mega fara fram á yfirborði úr náttúrulegu efni eða gerviefni - í samræmi við mótareglur. Yfirborð leikvalla úr gerviefni skal vera grænt að lit.</p> <p>Þar sem notað er yfirborð úr gerviefni, hvort sem er í mótaleikjum milli landsliða á vegum sambanda innan FIFA eða í milliríkja mótaleikjum félagsliða, skal yfirborðið standast gæðakröfur FIFA um gervigras eða alþjóðlega staðalinn um gervigras, nema FIFA veiti sérstaka undanþágu.</p> | <p><u>1. grein - texti eftir breytingu (bls. 5):</u></p> <p>Leikir mega fara fram á yfirborði úr náttúrulegu efni eða gerviefni - í samræmi við mótareglur. Yfirborð leikvalla úr gerviefni skal vera grænt að lit.</p> <p>Þar sem notað er yfirborð úr gerviefni, hvort sem er í mótaleikjum milli landsliða á vegum sambanda innan FIFA eða í milliríkja mótaleikjum félagsliða, skal yfirborðið standast gæðakröfur FIFA um knattspymusvörð eða alþjóðlega staðalinn um gervigras, nema FIFA veiti sérstaka undanþágu.</p> |
| <p><u>11. grein – texti fyrir breytingu (bls. 53):</u></p> <p>Þegar refsiverð rangstaða á sér stað skal dómariinn dæma óbeina aukaspyrnu sem tekin skal frá þeim stað sem hinn brotlegi leikmaður var á þegar knettinum var síðast leikið til hans af samherja.</p> <p>Ef varnarmaður fer aftur fyrir eigin marklínu í þeim tilgangi að gera andstæðing sinn rangstæðan skal dómariinn láta leikinn halda áfram og áminna síðan varnarmanninn, næst þegar knötturinn fer úr leik, fyrir að yfirgefa leikvöllinn viljandi án þess að hafa fengið til þess leyfi dómarans.</p> | <p><u>11. grein – texti eftir breytingu (bls. 53):</u></p> <p>Þegar refsiverð rangstaða á sér stað skal dómariinn dæma óbeina aukaspyrnu sem tekin skal frá þeim stað sem hinn brotlegi leikmaður var á þegar knettinum var síðast leikið til hans af samherja.</p> <p>Sérhver varnarmaður sem yfirgefur leikvöllinn án heimildar dómara, af sérhverri ástæðu, skal talinn vera staðsettur á eigin marklínu eða hliðarlínu hvað varðar mat á rangstöðu allt þar til knötturinn fer næst úr leik. Ef leikmaðurinn yfirgefur leikvöllinn viljandi skal hann áminntur næst þegar knötturinn fer úr leik.</p> |
| <p><u>Boðvangurinn – texti fyrir breytingu (bls. 29):</u></p> <ul style="list-style-type: none"> • Aðeins einn aðili í einu má koma leikrænum leiðbeiningum á framfæri og verður hann að því loknu að hverfa aftur á sinn stað. • Þjálfariinn og aðrir forráðamenn liðsins skulu halda sig innan marka hans, nema í sérstökum tilvikum, t.d. þegar sjúkrapjálfari eða lækni fer inn á leikvöllinn með leyfi dómarans til að meta • Þjálfariinn og aðrir sem eru á boðvangi skulu koma fram á ábyrgan hátt. | <p><u>Boðvangurinn – texti eftir breytingu (bls. 29):</u></p> <ul style="list-style-type: none"> • Aðeins einn aðili í einu má koma leikrænum leiðbeiningum á framfæri. • Þjálfariinn og aðrir forráðamenn liðsins skulu halda sig innan marka hans, nema í sérstökum tilvikum, t.d. þegar sjúkrapjálfari eða lækni fer inn á leikvöllinn með leyfi dómarans til að meta • Þjálfariinn og aðrir sem eru á boðvangi skulu koma fram á ábyrgan hátt. |